

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna gistingar, verslunar og veitingaþjónustu.

Skipulagsstofnun staðfesti 8. október 2019 breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarstjórn 7. mars 2019.

Breytingin felst annars vegar í að á hafnarsvæði K1 er bætt við ákvæði sem heimilar verslanir og veitingaþjónustu á hluta svæðisins við Sindragötu og hins vegar að heimila gististað án veitinga í íbúðarbyggð, þegar um er að ræða endurútgáfu á leyfum.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 8. október 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.